

Torfi Halldórsson kaupmaður á Flateyri er sagður nýdáiinn. Hann var orðlagður sæmdarmaður. Meðal barna hans voru Páll Halldórsson kaupmaður á Flateyri, Halldór læknir og ungrú Ástfríður hjúkrunarkona á Ísafirði

Fyrstu sníóar.

Nl. hefir farið líkt og svo mörgum öðrum Íslendingum; menn tala um tíðina þegar hún er ill, en þegar góðviðri gengur gleymist að geta þess.

Óvenjulegt góðviðri hefir lengi gengið hér að þessu, en fyrsta hausthretið kom í fyrri nótt og gerði jörð alhvíta. Í gær hafði hann sólskin á öðrum vangnum, en kulda og hríð á hinum.

Jóh. Christensen

fyrverandi verzlunarstjóri og frú hans komu hingað til bæjarins frá Höfn með Mjölmi síðast. Þau dvelja hér í vetur.

Kennarar við Hólabólaskóla

verða í vetur Jósef Björnsson skólastjóri, Ingimar Sigurðsson frá Draflastöðum og Sigurðar Sigurðsson.

Landlæknir

er Guðmundur Björnsson settur frá 1. þ. m.

Ennbá nýr - stjóri.

O. Forberg verkfræðingur er skipaður landsímastjóri.

Messað.

verður á morgun hér í kirkjunni kl. 12 á hádegis.

Innsjarðarbáturinn

»Guðrún« fór héðan alfarin í fyrradag. Skipstjóri og skipshöfn hefir hér getið sér góðan orðstír og verður vel tekið af öllum — ef hingað koma næsta sumar, en »Gunn« vilja menn helst ekki sjá aftur til mannflutninga hér á firðinum.

Vopnafjarðarlæknishérað

er veitt Ingólfr Gíslasyni héraðslækni á Breiðumýri. (Símfrétt.)

„Skálholt“

kom 11. þ. m. Mesti fjöldi af farþegum: Páll Víðalín Bjarnason sýslumaður, Flóent Jóhannsson á Sjávarborg, Helgi Guðmundsson læknir, Guðmundur Einarsson verzlunarstjóri, Stefán Björnsson kennari, húsfriú Steinunn Jónsdóttir á Reykjum í Skagafirði, ungrú Þuríður Þorvaldsdóttir frá Melstað, Kristján Jónsson frá Viðidalstungu, 4 börn Ásgeirs sál. á Stað í Hrutafirði (setjast hér að), frú Sigurbjörg Dahl, ungrú Guðný Magnúsdóttir frá Miðhúsum í Hrutafirði o. fl. o. fl.

Iris Creme

sem áreiðanlega læknar væring í höfði og fleiri hörundskvilla, fæst í verzlun Páls Jónssonar.

Timburfarmur

nýkominn til

Sigtryggs Jónssonar

og eru nú nægar birgðir af timbri á boðstólum. — Verð hvergi eins lágt. Auk þess eru birgðir af ýmsum öðrum vörum, svo sem: þakpappa, saum, rúðugleri, farfavörum, skrám, lómum og handföngum. Af kornmat og öðrum búðarvarningi eru og miklar birgðir.

Ágæt trésmiðaverkfæri

eru og nýkominn í verzlunina.

Vörur allar góðar og ódýrar eftir gæðum.

Öllum þeim, sem sýndu okkur hluttekningu sína við dauða og jarðarför okkar hjartkæru dóttur Elísabetar Mettu vottum við okkar innilegasta þakklæti.

Kristín S. Pétursdóttir.

Sigurður Þórðarson.



Mjög margar tegundir af

kökum

nýkomnar í

verzlunina EDJNBORG.

Verzlun

JÓSEFS JÓNSSONAR

hefir talsímanúmer

30.

Þeir, sem ennþá hafa ekki borgað skuldir sínar við Guðmanns Efterfølger verzlun eða samið um þær, verða tafarlaust lögsóttir, hafi þeir ekki borgað fyrir 20. þ. m.

Akureyri 4. okt. 1906.

Hallgr. Davíðsson.

Algaardsullarverksmiðjur

í Noregi, eru áreiðanlega þær bestu, umboðsmaður þeirra á Akureyri er kaupm. Sigvaldi Þórsteinsson.

2 ungar og góðar kýr eru til leigu eða sölu, önnur jólbær, hin miðsvetrarbær. Ritstjóri vísar á seljanda.

Frá landsímastöðinni.

Viðvikjandi símskeyta áritun er svo ákveðið í reglugerðinni:

„Viðtakandi símaskeytis skal svo greinilega auðkendir, að komist verði hjá misgripum, rannsóknnum og þessháttar, um hver hann sé.“

Akveðna áritun 1 orð og stöðvarnafnið má fá skrásetta á stöðvunum; í slíkri áritun getur falist nákvæmlega, hver sé viðtakandi. Fyrir hverja slíka áritun skal gjalda 3 kr. á ársfjórðungi.“

Þeir sem óska að fá skrásettar „telegramadresse“ sína eru beðnir að snúa sér hið fyrsta til ritsímaskrifstofunnar.

Akureyri 10. október 1906.

Paul Smith.

Verzlunin
Edinborg
Akureyri.

Nýkomið:
Allskonar
„Brodergarn“

svo sem:
Auroragarn. Brilliantgarn.
Brill. Hæklegarn. Filin Perlegarn.
Filin Persisk. Knipletraad.
Nordisk Garn. Castor Garn.
Kunstsilke. Filoflosse o. fl.

Margskonar
efni í Isaumsdúka,

svo sem:
Sultan. Marly. Camilla.
Hör Lærred. Perlejava.
Tæppe Stramai o. fl.

Ennfremur margskonar
áteiknaðir og ábyrjaðir dúkar.

Eg vona sérstaklega að hannyrðakonurnar geri svo vel að líta á þessar vörur, sem eru fjölbreyttar, smekklega valdar og ódýrar eftir feður og gæðum.

Virðingarfylst
Í. HELGASON.

B-A-N-N

frá landssímastöðinni.

Það er stranglega bannað að festa upp auglýsingar á símastólpana hvort heldur er innan marka Akureyrarkaupstaðar eða annarstaðar.

Akureyri 10. október 1906.

Paul Smith.